

## Fundargerð fulltrúaráðs

\*\*\*\*\*

82. fundur fulltrúaráðs Brunavarna Árnassýslu (BÁ) haldinn 19. febrúar 2010  
kl. 10.00 í Þingborg.

**Mættir: Margrét K. Erlingsdóttir, formaður, sem ritaði fundargerð,  
Margrét Sigurðardóttir, Ingvar G. Ingvarsson, Ólafur Leifsson, Margeir  
Ingólfsson (varamaður Snæbjörns Sigurðssonar) Þorvaldur Guðmundsson (varamaður Eyþórs  
Arnalds) og Ólafur Áki Ragnarsson.  
Einnig mætti á fundinn:  
Sigurður Sigurjónsson lögmaður B.A.**

**Efni fundarins var eftirfarandi:**

### **1. Skipulagsbreytingar B.A.**

Stjórn fór yfir niðurstöður af viðræðum við fulltrúa Hveragerðisbæjar. Samningur við Hveragerðisbæ um þjónustu í Ölfusi rennur út núna 31. mars, samþykkt var að hann yrði ekki endurnýjaður og tíminn nýttur til þess dags að skipuleggja verkefnið innan B.A. Ákveðið var að auglýst yrði eftir varaslökkviliðsstjóra B.A. í 100% starf, einnig yrði auglýst fyrir hönd þjónustustöðvar eldvarnabúnaðar eftir starfsmanni í 50% starf. Samþykkt var 100% starf eldvarnareftirlitsmanns sem gæti minnkað niður í allt að 50% ef aðstæður leyfðu. Stjórn var falið ásamt slökkviliðsstjóra og lögmanni B.A. að ganga frá starfslýsingum, launakjörum þessara starfsmanna. Stefnt er að því að auglýst verði í stöðurnar í byrjun mars.

**Ekki fleira gert og fundi slitið kl. 12.00**

**Margrét K. Erlingsdóttir, Margrét Sigurðardóttir, Ingvar G. Ingvarsson,  
Ólafur Leifsson, Margeir Ingólfsson, Þorvaldur Guðmundsson,  
Ólafur Áki Ragnarsson.  
Sigurður Sigurjónsson**